

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
2008/EES/70/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.	1
2008/EES/70/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.	3
2008/EES/70/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.	5
2008/EES/70/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.	7
2008/EES/70/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.	9
2008/EES/70/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.	10
2008/EES/70/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.	12
2008/EES/70/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn.	15
2008/EES/70/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn.	18
2008/EES/70/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.	19
2008/EES/70/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.	20

2008/EES/70/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	22
2008/EES/70/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	24
2008/EES/70/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	26
2008/EES/70/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins	28
	Leiðréttingar	29
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III EB-STOFNANIR	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
	3. Dómstóllinn	

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2008

2008/EES/70/01

frá 26. september 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 688/2006 frá 4. maí 2006 um breytingu á III. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar vöktun smitandi heilahrönnunar og sérstaks áhættuefnis í nautgripum í Svíþjóð ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 722/2007 frá 25. júní 2007 um breytingu á II., V., VI., VIII., IX. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 727/2007 frá 26. júní 2007 um breytingu á I., III., VII. og X. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2007 frá 29. október 2007 um breytingu á IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/667/EB frá 15. október 2007 um að leyfa notkun nautgripa í smithættu þar til framleiðslutíma þeirra lýkur í Þýskalandi eftir að staðfest hefur verið opinberlega að kúariða hafi komið upp ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi á að taka til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka.
- 8) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 120, 5.5.2006, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 164, 26.6.2007, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 8.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 284, 30.10.2007, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 271, 16.10.2007, bls. 16.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

- „– **32006 R 0688**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 688/2006 frá 4. maí 2006 (Stjtið. ESB L 120, 5.5.2006, bls. 10),
- **32007 R 0722**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 722/2007 frá 25. júní 2007 (Stjtið. ESB L 164, 26.6.2007, bls. 7),
- **32007 R 0727**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 727/2007 frá 26. júní 2007 (Stjtið. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 8),
- **32007 R 1275**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2007 frá 29. október 2007 (Stjtið. ESB L 284, 30.10.2007, bls. 8).“

2. Í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 hljóði aðlögunarliður A svo:

„Eftirfarandi liður bætist við í I. hluta kafla A í III. viðauka:

2.3 Að því er varðar horn af nautgripum sem eru aldir og leiddir til slátrunar á norsku yfirráðasvæði er stjórnvöldum í Noregi heimilt að ákveða, þrátt fyrir ákvæði liðar 2.2, að aðeins verði tekið slembisýni til rannsóknar. Sýnið verður að taka til eigi færri en 10 000 dýra á ári.“

3. Texti aðlögunarliðar C í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 falli brott.

4. Eftirfarandi liður bætist við í 41. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/411/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 7.2:

„41a. **32007 D 0667**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/667/EB frá 15. október 2007 um að leyfa notkun nautgripa í smithættu þar til framleiðslutíma þeirra lýkur í Þýskalandi eftir að staðfest hefur verið opinberlega að kúariða hafi komið upp (Stjtið. ESB L 271, 16.10.2007, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 688/2006, 722/2007, 727/2007 og 1275/2007 og ákvörðunar 2007/667/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 96/2008

2008/EES//70/02

frá 26. september 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn túlkunarorðsendingu framkvæmdastjórnarinnar 2007/C 68/04 um aðferðir við skráningu vélknúinna ökutækja sem upprunnin eru í öðru aðildarríki ⁽²⁾.
- 3) Ályktun ráðsins frá 29. júní 1977 ⁽³⁾ og auglýsing framkvæmdastjórnarinnar C/281/88/bls. 9 ⁽⁴⁾ eru úreltar og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 46. liðar (Ályktun ráðsins frá 29. júní 1977) og 47. liðar (auglýsing framkvæmdastjórnarinnar C/281/88/bls. 9) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 47. lið:
„48. **52007 SC 0169**: Túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar 2007/C 68/04 um aðferðir við skráningu vélknúinna ökutækja sem upprunnin eru í öðru aðildarríki (Stjtið. ESB L 68, 24.3.2007, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti túlkunarorðsendingar framkvæmdastjórnarinnar 2007/C 68/04, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 68, 24.3.2007, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 177, 26.7.1977, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 281, 4.11.1988, bls. 9.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2008

2008/EES//70/03

frá 26. september 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/2/EB frá 15. janúar 2008 um sjónsvið og rúðupurrkur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/2/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 74/347/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

II. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 5. liðar (tilskipun ráðsins 74/347/EBE) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 29. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB):
„30. **32008 L 0002**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/2/EB frá 15. janúar 2008 um sjónsvið og rúðupurrkur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/2/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 191, 15.7.1974, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 98/2008

2008/EES//70/04

frá 26. september 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 109/2008 frá 15. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar við merkingar matvæla ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/17/EB frá 19. febrúar 2008 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asefati, asetamípríði, asibensólar-S-metýli, aldríni, benalaxýli, benómýli, karbendasími, klórmeqvati, klórþalóníli, klórþýrifosi, klófentesíni, sýflútríni, sýpermetríni, sýrómasíni, díeldríni, dímetóati, díþíókarbamötum, esfenvalerati, famoxadóni, fenhexamíði, fenítróþíóni, fenvalerati, glýfosati, indoxakarbi, lambda-sýhalótríni, mepaníþýrími, metalaxýl-M, metíðapíóni, metoxýfenósíði, pímetrósíni, píraklóstróbíni, pírimetaníli, spíroxamíni, þíaklópríði, þíófanatmetýli og tríflóxýstróbíni ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlíður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
„– **32008 L 0017**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/17/EB frá 19. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 50, 23.2.2008, bls. 17).“
2. Eftirfarandi bætist við í 54zzzt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006):
„eins og henni var breytt með:
– **32008 R 0109**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 109/2008 frá 15. janúar 2008 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 109/2008 og tilskipunar 2008/17/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 50, 23.2.2008, bls. 17.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2008

2008/EES//70/05

frá 26. september 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2008 frá 24. janúar 2008 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar dínóprostón ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 0061**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2008 frá 24. janúar 2008 (Stjtið. ESB L 22, 25.1.2008, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 61/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 22, 25.1.2008, bls. 8.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2008****2008/EES//70/06****frá 26. september 2008****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1238/2007 frá 23. október 2007 um setningu reglna um hæfi nefndarmanna í kæruneftnd Efnastofnunar Evrópu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 1354/2007 frá 15. nóvember 2007 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), vegna aðildar Búlgaríu og Rúmeníu ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):

„eins og henni var breytt með:

- **32007 R 1354**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1354/2007 frá 15. nóvember 2007 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 1).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):

„12zca. **32007 R 1238**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1238/2007 frá 23. október 2007 um setningu reglna um hæfi nefndarmanna í kæruneftnd Efnastofnunar Evrópu (Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1238/2007 og 1354/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2008**

2008/EES//70/07

frá 26. september 2008

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1775/2005 frá 28. september 2005 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 26. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB) í IV. viðauka við samninginn:

„27. **32005 R 1775**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1775/2005 frá 28. september 2005 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas (Stjtið. ESB L 289, 3.11.2005, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 16. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar vegna flutningskerfa fyrir jarðgas í aðildarríkjunum sem gilda skal jafnlengi og undanþágur sem veittar hafa verið samkvæmt ákvæðum 28. gr. tilskipunar 2003/55/EB. Noregi hefur verið veitt staða nývaxtarmarkaðar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 28. gr. tilskipunar 2003/55/EB. Af þeim sökum gilda tekur reglugerðin ekki til Noregs fyrr en gildistími þeirrar undanþágu rennur út.
- b) Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðarétt.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1775/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(¹) Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 12.

(²) Stjtið. ESB L 289, 3.11.2005, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING SAMNINGSADILA**vegna ákvörðunar nr. 101/2008**

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1775/2005 frá 28. september 2005 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas að því er varðar EES-samninginn

Tveggja stöð kerfi EES-samningsins (2. mgr. 93. gr.) veldur því að upptaka nýrrar EB-löggjafar er háð ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Leiðbeiningar samkvæmt reglugerðinni um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas binda öll aðildarríkin lagalega. Nýjar leiðbeiningar, svo og breytingar á eldri leiðbeiningum, verða því að teljast ný EB-löggjöf sem ekki verður tekin upp nema með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í samræmi við ákvæði 98. gr. EES-samningsins.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2008

2008/EES//70/08

frá 26. september 2008

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 frá 13. apríl 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 629/2006 frá 5. apríl 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ⁽³⁾.
- 4) Taka ber tillit til dóms Evrópudómstólsins í máli C-299/05, en með honum voru ógilt tiltekin atriði í reglugerð (EB) nr. 647/2005, og dóms EFTA-dómstólsins í máli E-5/06.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

VI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71):
 - **32005 R 0647**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 frá 13. apríl 2005 (Stjtið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 1),
 - **32006 R 0629**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 629/2006 frá 5. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 1).“
- 2) Aðlögunarliður m) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) hljóði svo:
 - „i) Ákvæði II. viðauka a skulu lesin þannig:
 - Stafliður b) undir fyrirsögninni „Y. FINNLAND“, stafliður c) undir fyrirsögninni „Z. SVÍÐJÓÐ“ og stafliðir d)–f) undir fyrirsögninni „AA. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ gilda ekki að því er EFTA-ríkin varðar.
 - Áhrifin af því að framfærslugreiðslur til fatlaðra einstaklinga (*Disability Living Allowance*) standa í staflið d) undir fyrirsögninni „AA. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ haldast þó að því er varðar þann hluta þeirra greiðslna sem varðar „hreyfanleika“.
 - ii) Eftirfarandi bætist við II. viðauka a:
 - ZA. ÍSLAND
 - Engar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 24, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 1.

ZB. LIECHTENSTEIN

- a) Greiðslur til blindra (lög um greiðslur til blindra frá 17. desember 1970).
- b) Greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar (lög um greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar frá 25. nóvember 1981).
- c) Viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar (lög um viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar frá 10. desember 1965 með áorðnum breytingum frá 12. nóvember 1992).

ZC. NOREGUR

- a) Lágmarksviðbótarlífeyrir til þeirra sem fæðast með fötlun eða verða fatlaðir á unga aldri í samræmi við gr. 7-3 og 8-4 í lögum um almannatryggingar nr. 12 frá 17. júní 1966.
- b) Sérstakar bætur í samræmi við lög nr. 21 frá 29. apríl 2005 um viðbótagreiðslur til þeirra sem dveljast um skamma hríð í Noregi.“

3) Aðlögunarliður n) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) hljóði svo:

„Eftirfarandi bætist við A-hluta III. viðauka:

36. ÍSLAND – DANMÖRK

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

37. ÍSLAND – FINNLAND

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

38. ÍSLAND – SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

39. ÍSLAND – NOREGUR

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

40. NOREGUR – DANMÖRK

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

41. NOREGUR – FINNLAND

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

42. NOREGUR – SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.“

- 4) Texti aðlögunarliðar o) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) falli brott.
- 5) Texti 1. mgr. undir fyrirsögninni „ZB. LIECHTENSTEIN“ í aðlögunarlið t) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) falli brott.
- 6) Eftirfarandi undirliðir bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72):
 - „– **32005 R 0647**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 frá 13. apríl 2005 (Stjtið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 1),
 - **32006 R 0629**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 629/2006 frá 5. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 1).“
- 7) Texti aðlögunarliðar n) í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 647/2005 og 629/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2008**

2008/EES//70/09

frá 26. september 2008

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 207 frá 7. apríl 2006 um túlkun 76. gr. og 3. mgr. 79. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, svo og 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, varðandi skörun fjölskyldubóta og -greiðslna ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3.81 (ákvörðun nr. 205) í VI. viðauka við samninginn:

„3.82. **32006 D 0442**: Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 207 frá 7. apríl 2006 um túlkun 76. gr. og 3. mgr. 79. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, svo og 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, varðandi skörun fjölskyldubóta og -greiðslna (Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 83).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. 207, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 24, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 83.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 104/2008**

2008/EES//70/10

frá 26. september 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 715/2008 frá 24. júlí 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66zab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 0715**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 715/2008 frá 24. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 36).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 715/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 36.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 105/2008

2008/EES//70/11

frá 26. september 2008

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/30/EB frá 20. júní 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/391/EBE, sértilskipunum hennar og tilskipunum ráðsins 83/477/EBE, 91/383/EBE, 92/29/EBE og 94/33/EB í því skyni að einfalda skýrslur um verklega framkvæmd og setja þær fram á skilmerkilegri hátt ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XVIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (tilskipun ráðsins 83/477/EBE) og 10. lið (tilskipun ráðsins 89/655/EBE):
„– **32007 L 0030:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/30/EB frá 20. júní 2007 (Stjtið. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 21).“
2. Eftirfarandi bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 89/391/EBE), 9. lið (tilskipun ráðsins 89/654/EBE), 11. lið (tilskipun ráðsins 89/656/EBE), 12. lið (tilskipun ráðsins 90/269/EBE), 13. lið (tilskipun ráðsins 90/270/EBE), 16. lið (tilskipun ráðsins 91/383/EBE), lið 16a (tilskipun ráðsins 92/29/EBE), lið 16b (tilskipun ráðsins 92/57/EBE), lið 16c (tilskipun ráðsins 92/58/EBE), lið 16d (tilskipun ráðsins 92/85/EBE), lið 16e (tilskipun ráðsins 92/91/EBE), lið 16f (tilskipun ráðsins 92/104/EBE), lið 16g (tilskipun ráðsins 93/103/EB), lið 16h (tilskipun ráðsins 98/24/EB), lið 16i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/92/EB), lið 16ja (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/44/EB), lið 16jb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/10/EB), lið 16jc (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB), lið 16je (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/25/EB) og 29. lið (tilskipun ráðsins 94/33/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32007 L 0030:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/30/EB frá 20. júní 2007 (Stjtið. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/30/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 106/2008**

2008/EES//70/12

frá 26. september 2008

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/276/EB frá 17. mars 2008 um breytingu á ákvörðun 2005/338/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tjaldstæði ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/277/EB frá 26. mars 2008 um breytingu á ákvörðun 2001/405/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir hreinlætispappírsvörur ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2i (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/405/EB):
„– **32008 D 0277**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/277/EB frá 26. mars 2008 (Stjtið. ESB L 87, 29.3.2008, bls. 14).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2p (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/338/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32008 D 0276**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/276/EB frá 17. mars 2008 (Stjtið. ESB L 87, 29.3.2008, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2008/276/EB og 2008/277/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 87, 29.3.2008, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 87, 29.3.2008, bls. 14.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2008**

2008/EES//70/13

frá 26. september 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 frá 20. febrúar 2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 177/2008 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 ⁽³⁾, en hún hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 4b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93) í XXI. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 R 0177**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 frá 20. febrúar 2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 (Stjtið. ESB L 61, 5.3.2008, bls. 6).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Breyta 1.7a í viðaukanum gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.
- b) Í Liechtenstein skulu ráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera til að fara að þessari reglugerð, koma til framkvæmda eigi síðar en 31. desember 2010.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 177/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 61, 5.3.2008, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 196, 5.8.1993, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2008

2008/EES/70/14

frá 26. september 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2008 frá 23. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 að því er varðar tæknilegt snið á sendingum hagskýrsla um erlend hlutdeildarfélög og undanþágur sem veita skal aðildarríkjunum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19x (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007) í XXI. viðauka við samninginn:

„19xa. **32008 R 0364**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2008 frá 23. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 að því er varðar tæknilegt snið á sendingum hagskýrsla um erlend hlutdeildarfélög og undanþágur sem veita skal aðildarríkjunum (Stjtið. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 14).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í III. viðauka „UNDANÞÁGUR“:

Aðildarríki	Einingin hagtölur um starfsemi erlendra hlutdeildarfélaganna innanlands	Einingin hagtölur um starfsemi erlendra hlutdeildarfélaganna erlendis
Noregur	Undanþága frá sundurliðun eftir starfsemi: NACE endursk. 1.1 þáttur J vegna viðmiðunaráranna 2007–2010	Full undanþága vegna viðmiðunaráranna 2007–2008

“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 364/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 14.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2008

2008/EES//70/15

frá 26. september 2008

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2006 frá 10. mars 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB frá 12. desember 2007 um framkvæmd upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn (IMI) að því er varðar vernd persónuupplýsinga ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað.
- 4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið og um fjálssa miðlun slíkra upplýsinga ⁽³⁾ hefur ekki verið felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í undirlið stafliðar b) í 5. mgr. 17. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/387/EB) í bókun 31 við samninginn:

„– **32008 D 0049**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB frá 12. desember 2007 um framkvæmd upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn (IMI) að því er varðar vernd persónuupplýsinga (Stjtið. ESB L 13, 16.1.2008, bls. 18).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 64, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 1.6.2006, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 13, 16.1.2008, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

LEIÐRÉTTINGAR**Leiðrétting á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**

- *Leiðrétting á hinni íslensku gerð ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn (EES-viðbætur nr. 26, 8.5.2008, bls. 20).*

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 breytist sem hér segir:

Í stað orðanna „(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)“ í fyrirsögn ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 komi orðin „(Félagslegt öryggi)“.